

Reykjavík 22. júní 2018

Ás styrktarfélag hlaut styrk frá mannréttindaráði Reykjavíkur í janúar 2018.

Sótt var um styrkinn til að halda myndlistarnámskeið fyrir fjölfötluð börn á leikskólaaldri, en þau sækja þjónustu í Lyngás. Myndlistarnámskeiðið var haldið í samvinnu við Myndlistarskóla Reykjavíkur og var Margrét M. Norðdahl fengin til að sinna kennslu.

Þar sem um er að ræða börn með alvarlegar fatlanir var lögð áhersla á myndlist og skynjun. Unnið var með ýmis efni til myndsköpunar og skynjunar. Tímarnir voru vel afmarkaðir og byrjuðu og enduðu eins, með söngi og yogaæfingum.

Styrkurinn gerði börnunum kleift að læra og upplifa myndlist á einstakan hátt. Þau fengu tækifæri með aðstoð frábærs kennara til að skapa, læra og skynja.

Við þökkum kærlega fyrir okkur.

Meðfylgjandi er námskeiðslýsing frá Margréti M. Norðdahl.

Hér fyrir neðan eru einnig nokkrar myndir sem sýna hversu fjölbreyttir og skemmtilegir tímarnir voru.

Valgerður Unnarsdóttir

Forstöðumaður

Lyngási

